



# Húsaskrá Akrahrepps

YFIRLIT

---

Sólborg Una Pálsdóttir

2023

Unnið í samvinnu við Akrahrepp

Höfundur: Sólborg Una Pálsdóttir

Mynd á forsiðu: Ábæjarkirkja í Austurdal Sólborg Una Pálsdóttir, 2021.

Afritun einstakra hluta skýrslunnar er leyfileg sé getið heimildar. Afritun heilla kafla eða skýrslunnar í heild með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt er einungis heimil að fengnu skriflegu leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

©Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 2023. Öll réttindi áskilin.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Inngangur .....	2
Akrahreppur – lýsing og afmörkun svæðis .....	4
Húsaþróun í Akrahreppi .....	8
Friðlýst hús .....	13
Silfrastaðakirkja .....	13
Torfhúsbygging á Stóru-Ökrum .....	15
Friðuð hús.....	17
Umsagnarskyld hús.....	20
Varðveislu- og rannsóknarverð hús.....	23
Horfna- eða fallnar byggingar .....	26
Samantekt .....	28
Heimildaskrá.....	29
Viðauki 1. Skrá yfir byggingar í Akrahreppi 2022 .....	32

## Formáli

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, í samvinnu við Akrahrepp, sótti um styrk í húsafriðunarsjóð til að taka saman upplýsingar um hús í Akrahreppi. Árið 2021 fengu þessir aðilar styrk úr sjóðnum til að vinna að fyrsta áfanga húsaskráningar í Akrahreppi. Í fyrsta áfanga skyldi unnið að skráningu húsa í samræmi við kröfur Minjastofnunar Íslands um skráningu fyrir aðalskipulag en undanfarið hefur verið unnið að aðalskipulagsgerð fyrir hreppinn. Á svipuðum tíma hefur Byggðasafn Skagfirðinga með stuðningi frá Minjastofnun Íslands fengið styrk til að skrá og gera úttekt á uppistandandi torfbyggingum í Skagafirði. Ljóst er að þessi tvö verkefni skarast og hefur verið góð samvinna á milli safnanna varðandi heimildaöflun og skýrslugerð.

Í febrúar 2022 samþykktu íbúar Akrahrepps og Sv. Skagafjarðar að sameina sveitarfélögin og tók sú sameining formlega gildi í júní sama ár. Þrátt fyrir sameininguna var ákveðið að halda áfram með þetta verkefni því fyrir liggur endurskoðun á nýlega samþykktu aðalskipulagi Skagafjarðar með hliðsjón að sameiningunni.

## Inngangur

Nýlega voru endurskoðaðar kröfur og vinnulag varðandi skráningu húsa fyrir aðalskipulag. Eftir þeim upplýsingum sem safnið aflaði sér hefur ekki verið skilað inn skýrslum sem unnar hafa verið eftir þessu nýja vinnulagi. Satt best að segja þótti höfundi skýrslunnar ekki alltaf ljóst hvað ætti að vera í skýrslunni, hvert væri markmiðið með söfnun upplýsinganna og hvernig væri best að setja þær fram. Leitað var eftir frekari leiðbeiningum frá Minjaverði Norðurlands vestra en einnig er von er á frekari leiðbeiningum frá Minjastofnun Íslands.

Skráning húsa í dreifbýli er í ýmsu frábrugðin skráningu húsa í þéttbýli og er rétt að benda á nokkur atriði.

- **Landupplýsingar og kort.** Í þéttbýli er oftast hægt að nálgast landupplýsingar með útlínum húsa, afmörkun lóða og gatnakerfi. Í dreifbýli er yfirleitt einungis gefinn upp einn punktur fyrir jörð og þar með fyrir öll þau hús sem á jörðinni standa. Fyrir vikið er erfitt að verða við kröfum um að setja fram kort þar sem hús fá mismunandi liti eftir byggingarári, efni, varðveislumati og verndunarstöðu.<sup>1</sup>
- **Afmörkun svæða.** Frá nyrðstu byggingu til syðstu byggingar í Akrahreppi eru um 35 km í beinni loftlínu. Svæðið sem er til skráningar er því töluvert stærra en þau svæði sem algengt er að taka fyrir í þéttbýli. Á aðalskipulagsstigi skal leggja áherslu á að skrá byggingar, mannvirki og fornleifar á þeim svæðum sem framkvæmda er von. Í dreifbýli þar sem framkvæmdasvæðin eru fyrst og fremst á jörðunum sjálfum getur verið erfitt að skilgreina slík svæði.<sup>2</sup>
- **Gögn.** Oft skortir hefðbundin gögn sem eru aðgengileg fyrir þéttbýli því formleg umsýsla byggingarleyfa og skipulag kom seinna til í dreifbýlinu. Þá má sjá á elstu brunavirðingum og fasteignamati að ártalið 1929 (oft í sviga) er sett við byggingar, sértaklega torfbyggingar, þegar byggingarár er ekki þekkt. Líklega tengist þetta ártal fasteignamati sem fór fram árið 1929 en hefur lítið að segja um eiginlegt byggingarár.

<sup>1</sup> Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir (2019). *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, bls. 7-8.

<sup>2</sup> Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir (2019). *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, bls. 7-8.

Samkvæmt lýsingu á heimasíðu Minjastofnunar þarf í greinargerð með aðalskipulagi að gera grein fyrir menningarminjum innan marka skipulagssvæðis, og stefnu sveitarfélagsins varðandi verndum menningarminja. Gera skal grein fyrir þekktum menningarminjum, birta sögulegt yfirlit um upphaf og þróun byggðar. Eftirfarandi skrár skulu koma fram<sup>3</sup>:

- Skrá yfir friðlýst hús. Byggingarár. Staðsetning/hnit, ljósmynd.
- Skrá yfir friðuð hús, byggð 1923 eða fyrr. Byggingarár, staðsetning/hnit og ljósmynd.
- Skrá yfir hús byggð á árabílinu 1923 til 1940. Byggingarár, staðsetning/hnit og ljósmynd.

Skýrsluhöfundur fékk góðfúslegt leyfi til að nota ljósmyndir úr torfhúsaverkefni Byggðasafn Skagfirðinga sem teknar voru árið 2021 (sjá kaflann um friðuð hús). Auk auki var ákveðið að nýta ljósmyndir Hjálta Pálssonar sem teknar voru við gerð Byggðasögu Skagafjarðar.

Það getur verið erfitt að marka stefnu um byggingararfinn án þess að hafa yfirlit yfir allar byggingar, byggingarár þeirra og byggingarefni. Í fyrsta lagi þarf að fara yfir fasteignaskrána og sannreyna að byggingarár sé rétt. Í öðru lagi þarf að athuga hvort þær byggingar sem falla undir aldursfriðun eða umsagnarskyldu séu í raun uppistandandi. Í þriðja lagi er hluti bygginga ekki í fasteignaskránni, til að mynda sumar torfbyggingarnar, sem eru þó sannarlega mikilvægur hluti byggingararfsins.

Í þessu verkefni var ákveðið að gera tilraun til að staðsetja sem flestar byggingar, þannig að hver bygging fengi sinn punkt (hnit). Þar með væri hægt að setja fram kort sem sýndu þá þætti sem alla jafna er krafist í húsakönnunum. Þá var einnig hugsað til þess að þetta væri vinna sem myndi gagnast vel skipulagsyfirvöldum og minjavörslu í héraði. Fasteignaskráin var lögð til grundvallar og síðan bættust við upplýsingar úr Byggðasögu Skagafjarðar, brunavirðingum, eldra fasteignamati, vinnugögnum byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa og torfhúsaverkefninu. Byggðasögunni og fasteignaskrá bar ekki alltaf saman um byggingarár en yfirleitt munaði einungis einu til tveimur árum. Er spurning hvort þennan mun megi ekki rekja til mismunandi nálgunar, þ.e. hvort miða eigi byggingarárið við þegar grunnur að húsinu er tekinn, þegar það er orðið fohelt eða þegar það telst fullgert og íbúðarhæft.


Í viðauka aftast í skýrslunni er að finna töflu yfir allar uppistandandi byggingar. Friðlýstar byggingar eru merktar bláu, þær byggingar sem falla undir aldursfriðun eru merktar fjólubláu, þær byggingar sem eru umsagnarskyldar eru merktar dökk-gulu. Að auki var bætt við rauðum lit þar sem hús eru fallin eða horfin og grænum þegar talið er að húsin séu varðveisluverð og eða þurfi að rannsaka frekar. Þessi tafla var endurskoðuð með hliðsjón af breytingum á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. Janúar 2023.

---

<sup>3</sup> Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir (2019). *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, bls. 8. Uppfærðar upplýsingar er svo að finna á <https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/skraning-husa-og-mannvirkja>.

## Akrahreppur – lýsing og afmörkun svæðis

Landsvæðið sem tilheyrði Akrahreppi er um 1380 km<sup>2</sup> að stærð. Stærsti hluti þess er fjalllendi en „láglandisræma liggur meðfram fjallsrótum og teygir sig inn í Austur- og Norðurárdal“. Stærsti hluti svæðisins er yfir 300 metra hæð, eða um 89%.<sup>4</sup>



Mynd 1. Afmörkun Akrahrepps 2021 og helstu byggðarlög. Kort, SUP, 2022.

Svæðið greinist í fimm byggðarlög. **Blönduhlíðin** takmarkast af Kyrfisá að norðan en Bóluá að sunnan. **Norðurárdalur** liggur frá Bóluá að Valagilsá. **Kjálki** nefnist svæðið frá Norðurá, inn með Héraðsvötonum að Grjótárgili. **Austurdalur** liggur svo frá Grjótárgili og inn til öræfa. Nokkur býli í **Valhólma** tilheyrðu einnig Akrahreppi.<sup>5</sup> Í Blönduhlíðinni var bæjarröðin allvíða tvísett. Fyrir vikið áttu sumar jarðir þar land til fjalla en ekki land að Héraðsvötonum og öfugt. Aftur á móti eiga jarðir innan Blönduhlíðar „land til vatnsfalls og fjalls, og er fjallendið víða allrúmt“.<sup>6</sup>

Í manntalinu 1703 er notað heitið Blönduhlíðarhreppur. Í landsnefndarskjölum á tímabilinu 1770-1771 er ýmist notað heitið Blönduhlíðarhreppur eða Akrahreppur.<sup>7</sup> Á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga er varðveitt skjalasafn Akrahrepps. Þar er alla jafna notað heitið Akrahreppur en eitt elsta skjalið er Hreppsþók/Sveitarþók frá 1791.<sup>8</sup> Lýður Björnsson bendir á að um 40 hreppar breyttu um nafn á tímabilinu 1703-1910. Stór hluti þessara hreppa höfðu nafn sem vísaði í byggðarlag en var breytt á

<sup>4</sup> Akrahreppur. <https://www.skagfirðingar.is/is/fyrirtaekid/frettir>.

<sup>5</sup> Hjalti Pálsson og Egill Bjarnason (2007), bls. 17.


<sup>6</sup> *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1949* (1956), bls. 3

<sup>7</sup> *Landsnefndin fyrri 1770-1771* (2016), bls. 414.

<sup>8</sup> IS HSK N00003-A-E-1. Hreppsþók/Sveitabók 1791-1835.

Þann hátt að nýja nafnið vísaði í þingstað hreppsins en Akrar höfðu einmitt verið þingstaður Akrahreppsins frá fornu fari.<sup>9</sup>


Aðalatvinnuvegur íbúa í Akrahreppi er landbúnaður og hefur svo verið frá landnámi. Svæðið liggur ekki að sjó og sjósókn því engin. Enginn verslunarstaður eða þéttbýli er á svæðinu, hvorki að fornu né nýju. Þrátt fyrir það bjuggu hlutfallslega margir Skagfirðinga í Akrahreppi. Árið 1713 bjuggu 3117 í Skagafirði öllum. Þar af bjuggu um 466 manns eða um 15% í Akrahreppi. Einungis Fljótahreppur státaði að fleiri íbúum eða 588 (19%).



Mynd 2. Hlutfall íbúa í Skagafirði um 1700 eftir hreppum. Heimild: Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. Fyrri bindi, bls. 91.


Eins og víða annars staðar má sjá breytingu á íbúafjölda í byrjun 20. aldar. Um 1920 fer hlutfall þeirra Skagfirðinga sem búa í þéttbýlinu Sauðárkróki að vaxa hratt. Árið 1901 búa um 9% íbúa Skagafjarðar á Sauðárkróki, árið 1940 er hlutfallið komið í 25%, 49% árið 1980 og 65% árið 2020. Á fyrri hluta 20. aldar voru íbúar Akrahrepps lengi vel í kringum 9%-11% Skagfirðinga. Árið 1980 fara þeir niður í 7% og hafa frá 1990 verið í kringum 5%.

<sup>9</sup> Lýður Björnsson (1972), bls. 110, 118. Lýður Björnsson (1979), bls. 140-142.



Mynd 3. Íbúapróun í Skagafirði 1901-2020. Heimild: px.hagstofa.is. Mannfjöldi eftir sveitarfélögum.

Samkvæmt manntalinu 1703 var búið á 62 bæjum í Akrahreppi. Tíu árum síðar, þegar jarðatalið er skráð, virðist vera búið á 51 bæ. Þeir ellefu bæir sem eru í byggð 1703 en eru svo í eyði 1713 eru dreifðir um allt svæðið en margir þeirra (7 talsins) voru í eigu biskupsstólsins á Hólum. 1735 virðist vera búið á 56 bæjum en 1753 er búið á 60 bæjum. Árið 1786 fer talan niður í 48 bæi.<sup>10</sup>



Mynd 4. Kortið til vinstri sýnir staðsetningu býla í byggð samkvæmt manntali 1703. Kortið til hægri sýnir staðsetningu býla í byggð samkvæmt íslensku bæjatali frá 1885.


Samkvæmt bæjatali sem var tekið saman fyrir póstpjónustu og gefið út 1885 voru 53 býli í byggð um það leyti.<sup>11</sup> Dreifingu byggðar svipar mjög til byggðarinnar árið 1703 (sjá mynd 4).

<sup>10</sup> Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1949 (1956), bls. 3.

<sup>11</sup> Vilh. H. Finsen (1885).



Á 20. öldinni fer að verða vart við breytingar á dreifingu byggðar. Bæjum fækkar í Austurdal og Norðurárdal. Hefur sú þróun haldið áfram (sjá mynd 5).



Mynd 5. Kortið til vinstri sýnir staðsetningu býla í byggð árið 1951. Kortið til hægri sýnir staðsetningu býla í byggð árið 2021. Heimild: Bæjatal á Íslandi 1951.

## Húsaþróun í Akrahreppi

Í lýsingu sinni á Skagafirði sem Árni Óla ritaði í Lesbók Morgunblaðsins árið 1934 hefur það vakið athygli hans hversu lélegar byggingar voru þar í sveitum. Ástæðuna taldi Árni Óla vera að erfitt væri fyrir bændur að fá ódýr lán til langs tíma. „Þeir segja, og segja það eflaust satt, að búskapurinn geti ekki risið undir því að dýr hús sjé bygð á jörðunum og eigi að borgast á fáum árum. Þetta á þó ekki aðeins við um Skagafjörð, heldur um flestar sveitir landsins.“<sup>12</sup>



Mynd 6. Sólheimagerði. Ártal óþekkt. HSk Atb 3363.

Staða landbúnaðarins var erfið á þessum tíma. „Kjöt féll í verði 1930-1932 um 35-50%, ull um 55-60% og gærur um 75-80%.“<sup>13</sup> Vafalítið hefur það haft áhrif á uppbyggingu í Akrahreppi þar sem meginatvinnuvegur íbúa var landbúnaður og meginbústofninn var sauðfé allt þar til mjólkurframleiðsla til sölu hófst með tilkomu Mjólkursamlags Skagfirðinga árið 1935.<sup>14</sup>

Árið 1932 var skipuð kreppulánanefnd til að rannsaka stöðu landbúnaðarins og fjárhag bænda. Niðurstaða nefndarinnar var sú að „...um þriðjungur bænda í landinu var svo til eignalaus eða átti ekki fyrir skuldum“. Til að bregðast við þessari stöðu var stofnaður Kreppulánasjóður sem kom líklega í veg fyrir að fjöldi bænda yfirgæfu jarðir sínar. Upp úr þessu fór verð á sauðfjárafurðum aftur að hækka og á sama tíma fór mjólkurframleiðsla vaxandi.<sup>15</sup> Merki um þetta má einnig sjá í Akrahreppi. Árið 1935 lögðu bændur í Akrahreppi inn 15.000 mjólkurlíttra í Mjólkursamlag Skagfirðinga. Árið 1940 er talin komin upp í 100.000 lítra og 265.000 lítra árið 1947.<sup>16</sup>

<sup>12</sup> Árni Óla (1934), bls. 291.

<sup>13</sup> Árni Daníel Júlíusson (2021), bls.101.

<sup>14</sup> Hjalti Pálsson og Egill Bjarnason (2007), bls. 18.


<sup>15</sup> Árni Daníel Júlíusson (2021), bls.103.

<sup>16</sup> Hjalti Pálsson og Egill Bjarnason (2007), 19.



Mynd 7. Uppsalir 1925. Ljósmynd HSk Atb 3314.


Jón Sigurðsson frá Ystafelli lýsir Skagafirði svo árið 1945: „Byggðina skortir glæsileik á við eyfirzkar byggðir. Hvergi sér fleira af fallandi kotbæjum, og höfuðbólín hafa fæst þann höfðingsbrag, sem hæfir nútíðinni. ... Ræktun virðist hér einnig skemmra komin áleiðis en í mörgum öðrum góðsveitum.“ Hér er þó rétt að taka fram að Jón var með skrifum sínum að sýna fram á mikilvægi samvinnuhreyfingarinnar og hvað hún hefði áorkað en ábendingin um bæjarhúsin er eflaust ekki úr lausu lofti gripin.<sup>17</sup>



Mynd 8. Byggingarefni íbúðarhúsa í dreifbýli 1910-1960. Heimild: Hagskinna, bls. 373.

<sup>17</sup> Jón Sigurðsson frá Ystafelli (1946), bls. 57.

Á mynd 8 má sjá þróun byggingarefnis íbúðarhúsa í dreifbýli á tímabilinu 1910 til 1960. Til samanburðar voru teknar saman sambærilegar tölur um byggingarefni íbúðarhúsa í Akrahreppi á tímabilinu 1932 til 1972 (mynd 9). Sjá má á þessum samanburði að bæjarhúsin (torfhús með eða án frambæja) héldu lengur velli í Akrahreppi, timburhúsin voru lítið hlutfall íbúðarhúsa en steinhús (hlaðin og steinsteypt) urðu í yfirgnæfandi meirihluta íbúðarhúsa upp úr miðri 20. öld.



Mynd 9. Byggingarefni íbúðarhúsa. Heimild: Fasteignamat 1932, 1942, 1952, 1962 og 1972.

Það voru samt sumir sem sáu eftir torfbæjunum. Ingibjörg Jóhannsdóttir ritar svo í *Tímann* árið 1953:


Blönduhlið á í förum sínum fjölda af dugnaðar bændum, sem unnið hafa hörðum höndum. Um það bera vitni jarðabætur þeirra og myndarleg steinsteypt íbúðarhús, sem víðast hvar eru nú að útrýma gömlu torfbæjunum, sem lengi hafa staðið í Skagafirði, enda byggðir úr betra hleðsluefni en víða annars staðar landinu. Í gömlu torfbæjunum hafa margir hlotið hlýjar og ánægjulegar stundir og það veganesti, sem best hefir reynzt á langri leið.<sup>18</sup>

Þau hús sem voru byggð um miðja 20. öld eru enn meginuppistaða íbúðarhúsa í Akrahreppi. Ljóst má vera að nokkur uppgangur hefur verið í byggingu nýrra íbúðarhúsa úr steinsteyptu og eða hlöðnum steiptum einingum á tímabilinu 1940-1969. Mögulega má rekja það til hinna fyrrnefndu kreppulána en einnig gæti tilkoma Teiknistofu landbúnaðarins hafa haft áhrif á þessa uppbyggingu.

Teiknistofna landbúnaðarins var stofnuð árið 1938 í tengslum við stofnun Búnaðarbankans. Áður hafði verið starfandi teiknistofa í tengslum við Byggingar- og landnámssjóð sem var stofnaður var árið 1928. Eftir að Teiknistofa landbúnaðarins tók til starfa fengu flestir bændur teikningar að húsum sínum þar. „Fyrstu áratuginu var einkum um að ræða fáar staðalteikningar sem bændur fengu gegn vægu gjaldi og byggðu eftir, bæði útihús og íbúðarhús. Þegar starfsfólki fjölgaði á Teiknistofunni var lögð áhersla á að teikna fyrir hvern bónda miðað við staðhætti. Jókst þá um leið fjölbreytni í húsagerð til sveita.“<sup>19</sup>

<sup>18</sup> Ingibjörg Jóhannsdóttir, *Löngumýri* (1953), bls. 4.

<sup>19</sup> Ólafur J. Engilbertsson (2021), bls. 13, 20.



Mynd 10. Hugmyndir Þóris Baldvinssonar að íbúðum í sveit. Heimild: Jóhannes Þórðarson og Ólafur Mathiesen (2021), bls. 58-59.

Þórir Baldvinsson veitti Teiknistofu landbúnaðarins forstöðu á tímabilinu 1938 til 1969.<sup>20</sup> Þórir hafði numið arkitektúr í Bandaríkjunum og komið aftur heim árið 1930. Honum var umhugað um að bændur byggðu hagkvæm hús í samræmi við fjárhagslega getu þeirra. Fannst honum að bændur hefðu byggt of stór íbúðarhús sem þeir hefðu svo ekki bolmagn til að kosta eða reka. Þórir var einnig einn af talsmönnum funkisstílsins á Íslandi og bera teikningar Teiknistofunnar margar þess merki. Húsin eru einföld, stílhrein og heilsteypt.<sup>21</sup>




Mynd 11. T.h. Ytri-Brekkur, byggt árið 1943. Ljósmynd: HSK Atb. 3324. T.v. Fremri-Kot, byggt árið 1952. Ljósmynd Gísli Kristjánsson.

Teikningar þessar minna óneitanlega um margt á íbúðarhúsin sem byggð voru í Akrahreppi á tímabilinu 1940-1960. Má ætla að stór hluti teikninga þessara húsa eigi uppruna sinn að rekja til Teiknistofu landbúnaðarins og er oft á tíðum vísað í slíkar teikningar í mati og virðingu húsa. Væri tilefni til að rannsaka það frekar.


<sup>20</sup> Ólafur J. Engilbertsson (2021), bls. 13.

<sup>21</sup> Jóhannes Þórðarson og Ólafur Mathiesen (2021), bls. 53, 57, 61.



Mynd 12. Byggingarár og byggingarefni uppistandandi íbúðarhúsa í Akrahreppi árið 2022. Byggt á samantekt höfundar (sjá viðauka).

Ef horft er á öll hús og mannvirki óháð hlutverki þá má sjá svipaða þróun, þ.e. að um miðja 20. öld hefur steinsteypa verið mest áberandi byggingarefni í Akrahreppi en eftir stríð fer að bera á byggingum sem eru járnklæddar timbur- eða járngrindur. Sækja slíkar byggingar í sig veðrið þegar líður á öldina og fram á 21. öldina. Í dag eru til dæmis flest útihús byggð sem stál- eða trégrindahús klædd svokölluðum yleiningum.



Mynd 13. Byggingarár og byggingarefni uppistandandi bygginga í Akrahreppi árið 2022. Byggt á samantekt höfundar (sjá viðauka).

## Friðlýst hús

Á svæðinu eru tvö friðlýst hús. Annars vegar er það Silfrastaðakirkja og hins vegar torfhúsbygging á Stóru-Ökrum.

Silfrastaðakirkja

**Byggingarár:** 1896.

**Hönnuður:** Þorsteinn Sigurðsson forsmiður.

Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. L nr. 88/1989.<sup>22</sup>



Mynd 14. Silfrastaðakirkja um 1896-1900. Turninn er enn ókláraður. Ljósmynd úr safni HSK (Atb. 3428)

Árið 1896 lét Steingrímur Jónsson, eigandi Silfrastaða og kirkjunnar þar, reisa nýja timburkirkju. Hafði söfnuðurinn lagt hart að honum að byggja nýja kirkju enda var torfkirkjan sem stóð fyrir orðin mjög léleg.

Steingrímur réði Þorstein Sigurðsson, kirkjusmið á Sauðárkróki, til verksins. Kirkjan er óvenjuleg í laginu eða áttstrendingur en fyrirmynd hennar er vafalítið Auðkúlukirkja í Austur-Húnavatnssýslu sem Þorsteinn reisti einnig. Fjórir menn unnu að kirkjusmiðinni auk Þorsteins og var líklega að mestu unnið vorið og fyrri hluta sumars 1896. Borðviðir til kirkjusmiðarinnar voru keyptir af Gunnari Bjartmarssyni á Úlfsstöðum en annað efni, til að mynda skrufur, gler, þakjárn, saum, lamir, fernisolú, blýhvítu og "krómgult mál" hjá Poppverslun á Sauðárkróki. Smíðinni lauk þó ekki að fullu árið 1896. Enn átti þá eftir að mála kirkjuna að innan, klára turninn og klæða forkirkjuna að innan.

<sup>22</sup> minjastofnun.is (e.d.). Norðurland vestra. Silfrastaðakirkja. Rétt að benda á að friðun samkvæmt eldri lögum samsvarar friðlýsingu samkvæmt núgildandi lögum.

Þegar kirkjan er vísiteruð árið 1898 voru þessir þættir enn ókláraðir en þá var búið að múra grunninn. Talið er að kirkjan hafi verið fullkláruð 1902-1903. Prédikunarstóllinn kom á tímabilinu 1919-1922 en hann smíðaði Eiríkur Jónsson frá Djúpadal, smíður og samstarfsmaður Þorsteins Sigurðssonar. Á þessu tímabili var einnig komið upp steinolíuofni í kirkjunni. Kirkjunni er lýst svo á þessum tíma að hún hafi verið hvítmáluð að utan, þak rautt og gluggaumgjörð ljósblá. Ekki er að sjá að neinar breytingar hafi verið gerðar á kirkjunni, einungis almennt viðhald.

Árið 1958 afhenti þáverandi eigandi og ábúandi á Silfrastöðum, Jóhann Lárus Jóhannesson, söfnuðinum kirkjuna til eignar. Við það tilefni kom prófastur og skoðaði kirkjunar. Er hún sögð stæðileg en í turni og forkirkju megi hins vegar finna talsverðan fúa og huga þurfi að endurbótum á hlöðnum grunni og málningu innanhúss. Árið 1964 var búið að mála kirkjuna að innan og utan í sömu litum og áður. Veturinn 1973-1974 var farið í verulegar viðgerðir og endurbætur á kirkjunni. Samráð var haft við þjóðminjavörð til leitast við að halda kirkjunni í upprunalegri mynd.<sup>23</sup>



Mynd 15. Silfrastaðakirkja árið 2006. Ljósmyndari: Hjalti Pálsson.

<sup>23</sup> *Kirkjur Íslands* (2005), bls. 209-214. Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason (2007), bls. 42-43. *Brunabótafélag Íslands: Virðingabók Akrahrepps* 1934-1955.



## Torfhúsbygging á Stóru-Ökrum

**Byggingarár:** 1743–1745.

**Hönnuður:** Ókunnur.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1954.

Sett á fornleifaskrá 23. febrúar 1954 skv. 2. gr. laga um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn nr. 8/1947. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.<sup>24</sup>



Mynd 16. Torfhúsin á Stóru-Ökrum. Ljósmynd tekin á tímabilinu 1927-1940. Ljósmynd úr safni HSK (Atb 3441).

Talið er að Skúli Magnússon (1711-1794), sem þekktur er sem Skúli fógeti, hafi byggt upp bæjarhúsin á Ökrum á tímabilinu 1742 til 1745. Skúli fékk sýslumannsembættið í Skagafjarðarsýslu árið 1737. Fjórum árum síðar keypti hann Stóru-Akra. Á árunum 1740 og 1742 strönduðu tvær hollenskar duggur í Skagafirði. Er talið að skipsviðir af þessum strönduðu duggum, sérstaklega þeirri seinni, hafi verið nýttir í smíði bæjarhúsanna. Hörður Ágústsson rannsakaði leifar bæjarins og taldi að Skúli hefði einnig nýtt viði úr fyrri húsum staðarins, mögulega jafnvel kirkjuviði en heimildir eru um guðshús á Ökrum allt fram á 18. öld. Hörður vildi einnig meina að húsaskipan á Stóru-Ökrum hafi verið um margt óvenjuleg um miðja 18. öld. Sérstaklega á þetta við um stofuna (sunnan við bæjardyr) en Skúli virðist vera fyrstur til að „reisa stofu sem snýr timburstafni fram á hlað“. Að auki hafi hún útidyr á timburstafninum, sem ætla má að hafi verið að hagkvæmnisástæðum, því þar tók Skúli á móti gestum sem ekki þurfti þá að leiða í gegnum bæjargöngin. Seinna er þessum dyrum þó lokað. Þá var baðstofan portbyggð sem ekki var algengt á þessum tíma.

Til er lýsing á bæjarhúsunum sem Pétur Jónsson á Gautlöndum ritaði um 1905 eftir lýsingu Jóns blinda Jónssonar. Jón þessi átti Stóru-Akra 1855-1856. Hann vildi meina að húsin hefðu þá verið í grunninn eins og þegar Skúli lét byggja bæinn þó liðin væru rúmlega 100 ár frá byggingu bæjarins.

<sup>24</sup> minjastofnun.is (e.d.). Norðurland vestra. Stóru-Akrar, bæjardyr, bæjargöng og þingstofa. Rétt að benda á að friðun samkvæmt eldri lögum samsvarar friðlýsingu samkvæmt núgildandi lögum.

Hann tiltekur þó nokkrar breytingar. „Frúarhúsið“ eða systi hluti baðstofunnar var að sögn Jóns seinni tíma viðbót. Þá voru „búr og eldhús sundurdeild með torfveggjum og fremri hluti húsanna ... nýttur sem skemmur“ sem er í samræmi við uppdráttinn sem fylgir brunavirðingunni frá 1934. Þá var skálinn norðan við bæjardyrnar rifinn niður, líklega á tímabilinu 1857-1861, en viðina úr skálanum flutti Eiríkur Eiríksson að Litladal og nýtti þar í bæjarhús. Baðstofan hafði verið portbyggð í upphafi og staðið svo í um 100 ár en þá var henni breytt og „sett á bekk“. Uppdráttur sem fylgir brunavirðingunni 1934 sýnir að bæjarhúsin eru í grunninn í ágætu samræmi við lýsingu Jóns blinda. Í stað skálans norðan við bæjardyr er komið fjós. Baðstofunni er skipt í tvo hluta og virðist syðri hlutinn vera nýlegur, ef til vill verið byggður í stað Frúarhússins. Í þessum hluta er afmarkað maskínuhús eða eldaveðlarhús með steypu gólfi. Í brunavirðingunni er nefnt að nyrðri hlutinn sé gamalt og lélegt hús. Bæjarhúsin eru samanlagt virt á 1550 krónur en virðist fljótlega lækkað niður í 690 krónur vegna þess að húsin séu í lélegu ástandi. Eftir 1937 er tvíbýli á jörðinni og virðist um það leyti hafa verið bætt við baðstofuna til austurs.

Búið var í torfbænum fram um 1938-1940. Fljótlega eftir að flutt var úr bænum voru baðstofurnar rifnar en aðrir bæjarhlutar stóðu áfram. Árið 1950 kviknaði eldur í syðri skemmuni en þar var verið að reykja kjöt. Eftir þetta voru báðar skemmurnar rifnar. Fyrirhugað var að gera hið sama við restina af bæjarhúsum en þáverandi þjóðminjavörður keypti bæinn og var hann í kjölfarið friðlýstur. Síðan þá hafa bæjardyrnar, göng og stofa verið endurbyggð.<sup>25</sup>

---

<sup>25</sup> Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason (2007). Hördur Ágústsson (1975), bls. 5-46. Jón Jónsson (1911). Sigurður Kristjánsson (2011). Jón Espólín, Einar Bjarnason (1976), 155-156. Páll Eggert Ólason (1950), bls. 274. "Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1955" (1956), bls. 131. IS HSk N00120-14. Brunabótafélag Íslands: Virðingabók Akrahreppur 1934-1955. IS HSk N00120-15. Brunabótafélag Íslands: Virðingabók Akrahreppur 1958-1987.



Mynd 17. Torfhús á Stóru-Ökrum. Ljósmynd: Hjalti Pálsson, 2006.

## Friðuð hús

Samkvæmt breytingum á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2023 eru öll hús og mannvirki byggð 1923 eða fyrr friðuð. Á skráningarsvæðinu falla 10 byggingar undir þetta ákvæði en tvær þeirra eru fallnar.

Meirihluti þessara bygginga eru torfhús eða öll nema ein. Í fasteignaskrá er byggingarár torfhúsa oft skráð 1929 en það er vísun í fyrsta fasteignamat sem fór fram í dreifbýli það sama ár. Byggingarárið var ekki þekkt og þá var oft á tíðum brugðið á það ráð að setja ártalið 1929 í sviga. Þessum torfhúsum er öllum gerð góð skil í skýrslu Bryndísar Zoëga *Torfhús í Skagafirði. Akrahreppur, Lýtingsstaða-hreppur og Seyluhreppur* sem kom út árið 2022 á vegum Byggingasafns Skagfirðinga.



**Jörð:** Syðri-Brekkur (8:3)  
**Hlutverk:** Fjánhús  
**Byggingarár:** Fyrir 1920  
**Flokkur:** Torfhús  
**Hnit ISN93:** 482174, 572101  
**Ljósmynd:** Bryndís Zoëga, 2021



**Jörð:** Bjarnastaðir (16:3)  
**Hlutverk:** Útihús  
**Byggingarár:** Fyrir 1919  
**Flokkur:** Torfhús  
**Hnit ISN93:** 484675, 566167  
**Ljósmynd:** Bryndís Zoëga, 2021



**Jörð:** Syðsta-Grund (28:3)  
**Hlutverk:** Fjánhús  
**Byggingarár:** Fyrir 1919<sup>26</sup>  
**Flokkur:** Torfhús  
**Hnit ISN93:** 484188, 561740  
**Ljósmynd:** Bryndís Zoëga, 2021

---

<sup>26</sup> Bryndís Zoëga (2022). Torfhús í Skagafirði. Akrahreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur. Bls. 24-25.



**Jörð:** Minni-Akrar (29:2)  
**Hlutverk:** Fjós  
**Byggingarár:** 1900-1929<sup>27</sup>  
**Flokkur:** Torfhús  
**Hnit ISN93:** 485290, 560590  
**Ljósmynd:** Brenda Prehal, 2021



**Jörð:** Bóla (50:2)  
**Hlutverk:** Fjánhús  
**Byggingarár:** 1923-1929  
**Flokkur:** Torfhús  
**Hnit ISN93:** 490465, 550361  
**Ljósmynd:** Brenda Prehal, 2021



**Jörð:** Flatatunga (58:12)  
**Hlutverk:** Hesthús, Reykkofi  
**Byggingarár:** 1821-1828  
**Flokkur:** Torfhús  
**Hnit ISN93:** 492697, 546320  
**Ljósmynd:** Bryndís Zoëga, 2021

<sup>27</sup> Húsið er risið þegar fasteignamatið er gert 1929.



**Jörð/Staður:** Gráni (66:2)  
**Hlutverk:** Hesthús  
**Byggingarár:** 1920  
**Flokkur:** Torfhús  
**Hnit ISN93:** 526728, 512609  
**Ljósmynd:** Hjalti Pálsson, 2007



**Jörð:** Ábær (64:1)  
**Hlutverk:** Kirkja  
**Byggingarár:** 1922  
**Flokkur:** Steinhús  
**Hnit ISN93:** 506770, 533750  
**Ljósmynd:** Sólborg Una Pálsdóttir, 2021  
Höfundarverk Guðjóns Samúelssonar í einstöku umhverfi.



**Jörð:** Tyrfingsstaðir (59:2-59:9)  
**Hlutverk:** Býli (bær og útihús)  
**Byggingarár:** Fyrir 1919  
**Flokkur:** Torfhús  
**Hnit ISN93:** 494310, 543439  
**Ljósmynd:** Bryndís Zoëga, 2021  
Um er að ræða 8 torfhúsbyggingar. Húsin hafa verið gerð upp en reynt að halda sem mest í eldri vegg. Erfitt að aldursgreina nákvæmlega byggingarnar.

## Umsagnarskyld hús

Samkvæmt breytingum á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2023 eru öll hús og mannvirki byggð á tímabilinu 1923 til 1940 umsagnarskyld.<sup>28</sup> Á skráningarsvæðinu falla 16 byggingar undir þetta ákvæði.

<sup>28</sup> Þingskjal 902, 153. Löggjafarþing [429. mál](#): menningarminjar (aldursfriðun húsa og mannvirkja). *Lög nr. 126 28. desember 2022.*



Mynd 18. Flugmýrarkirkja (20:1), Héðinsminni (31:11), Stóru-Akrar 1 (31:4). Ljósmyndir: Hjalti Pálsson, 2007.



Mynd 19. Stóru-Akrar II, íbúðarhús (30:10) í byggingu (Hsk Atb 3313). Djúpidalur, eldhús (26:10) (Bryndís Zoëga, 2021). Djúpidalur 1920-1940 (Hsk Hvis 446).

Auðkenni	Jörð	Hlutverk	B.ár B.saga	B.ár fast.	Flokkun	ISN93 Xt	ISN93 Y
20:1	Flugumýri	Kirkja	1931	1927	Steinhús	485074	564320
26:10	Djúpidalur <sup>29</sup>	Eldhús/geymsla	1940		Timbur	486923	562076
31:4	Stóru-Akrar 1	Íbúðarhús	1937	1938	Steinhús	485409	559849
31:11	Stóru-Akrar 1	Samkomustaður		1919	Steinhús	485371	559831
30:10	Stóru-Akrar 2 <sup>30</sup>	Íbúðarhús	1939	1949	Steinhús	485335	559858
33:4	Höskuldsstaðir <sup>31</sup>	Hlaða	1939	1937	Steinhús	485396	559726
34:1	Miðhús	Íbúðarhús	1934	1934	Steinhús	485363	559603
35:4	Þorleifsstaðir <sup>32</sup>	Gripahús	1935	1940	Steinhús	486150	558299
35:15	Þorleifsstaðir <sup>33</sup>	Íbúðarhús	1929	1956	Steinhús	486135	558269
40:1	Miklibær	Gripahús	1940	1940	Steinhús	486383	556824

<sup>29</sup> Þessi bygging er ekki lengur í fasteignaskrá. „Í Djúpadal er enn uppstandandi gamla eldhúsið, sem tilheyrði gamla bænum, en er nú áfast íbúðarhúsinu. Austan við eldhúsið var baðstofan sem var uppstandandi þar til fyrir tveimur árum [um 2020]“. Í dag er eldhúsið og loftið ofan þess nýtt sem geymsla.“ Bryndís Zoëga (2022), bls. 26-29.

<sup>30</sup> Heimildum ber ekki saman um byggingarár. Samkvæmt fasteignamati frá 1966 er það 1938 en samkvæmt brunabótamati frá 1978 er það byggt 1939. Hsk Óskráð gögn. Fasteignamat. Akrahreppur. Stóru-Akrar II. 1966. HSK-N00120-15. Brunabótafélag Íslands. Virðingabók Akrahreppur, nr. 36.

<sup>31</sup> Hlaða við fjós var byggð 1937 og önnur hlaða byggð við fjárhúsin árið 1939. Hlaðan sem stendur er líklega fjárhúshlaðan og er því rétt byggingarár 1939. Heimild: Hsk óskráð gögn. Fasteignamat Akrahrepps. Höskuldsstaðir 1963. Hlaðan virðist hafa verið stækkuð árið 1968 með byggingu úr holsteini. Heimild: Hsk óskráð gögn. Fasteignamat Akrahrepps. Höskuldsstaðir 1969.

<sup>32</sup> Í fasteignamatinu kemur ennfremur fram að byggt hafi verið fjós úr steinsteypu árið 1940 (35:4), nú skilgreint sem gripahús, haughús steypt árið 1942 (35:8), steinsteypt hlaða árið 1942. Í núverandi fasteignaskrá er ekki minnst á hlöðu byggða 1942, aftur á móti er hlaða sögð byggð 1955 sem ekki kemur fram í fasteignamatinu frá 1966. Spurning hvort um sömu hlöðu sé að ræða. Hsk Óskráð gögn. Fasteignamat Akrahrepps. Þorleifsstaðir 1966.

<sup>33</sup> Samkvæmt fasteignamati frá 1966 var elsta íbúðarhúsið (35:15) byggt árið 1929. Árið 1956 var húsið endurbætt og stækkað. Viðbyggingin var steinhús. Í fasteignamati frá 1929 segir að íbúðarhúsið sé „steinhús með járnþaki 8x4 metr.“ En öll útihús voru á þessum tíma torfhús. Hsk Óskráð gögn. Fasteignamat Akrahrepps. Þorleifsstaðir 1966. Hsk Óskráð gögn. Vinnublað fasteignamat. Þorleifsstaðir 1929.

40:2	Miklibær	Hlaða	1940	1940	Steinhús	486390	556823
43:1	Miðsitja	Íbúðarhús	1939	1939	Steinhús	487667	554814
45:1	Sólheimagerði	Íbúðarhús	1935	1935	Steinhús	487578	553598
45:5	Sólheimagerði	Hlaða	1939/1948	1939	Steinhús	487577	553540
50:1	Bóla	Íbúðarhús		1935	Timburhús	490413	550311
56:1	Egilsá <sup>34</sup>	Íbúðarhús	1936	1937	Timburhús	496274	546936
57:2	Tungukot <sup>35</sup>	Kaplaskjól	1938	1938	Timburhús/forskalað	492242	546963
68:2	Stokkhólmi <sup>36</sup>	Fjánhús	1925	1926	Steinhús	484565	557546



Mynd 20. Íbúðarhús á Miðhúsum (34:1). Hlaða á Höskuldsstöðum, efsta byggingin (33:4). Íbúðarhús á Miðsitju (43:1). Ljósmyndir: Hjalti Pálsson, 2006-2007.



Mynd 21. Gömlu gripahúsin á Þorleifsstöðum (35:4), Þorleifsstaðir um 1947, t.h. gamla íbúðarhúsið á Þorleifsstöðum (35:15). Ljósmyndari (litmyndir): Hjalti Pálsson, 2006-2007.

<sup>34</sup> Samkvæmt brunabótamati frá 1959 er elsti hluti íbúðarhúss (56:1) úr timbri en ekki steinsteypu eins og segir í yngra fasteignamati. Viðbyggingin frá 1957 virðist einnig vera að mestu úr timbri þó er tekið fram að einn veggur sé úr steinsteypu. Enn er gert nýtt brunabótamat árið 1963 vegna viðbyggingar (líklega 56:3) og tekið fram að útveggir hússins séu úr timbri. HSK-N00120-15. Brunabótafélag Íslands. Virðingabók Akrahreppur, nr. 11, nr. 12 og nr. 20.

<sup>35</sup> Byggingin sem er merkt sem „kaplaskjól“ í dag var áður íbúðarhús. Samkvæmt fasteignamati frá 1966 var byggð steinsteypt viðbygging við gamla íbúðarhúsið. Samkvæmt brunabótamati frá 1959 var þá þegar eldri hlutinn forskalaður. Viðbyggingin er norðurhluti hússins. HSK Óskráð gögn. Fasteignamat Akrahrepps. Tungukot 1966. HSK-N00120-15. Brunabótafélag Íslands. Virðingabók Akrahreppur, nr. 10.

<sup>36</sup> Í fasteignamati frá 1966 er ekki minnst á útihús byggð 1925 en nefnd tvö steinhús nýtt sem gripahús, byggð 1959 og 1960. Í vinnublöðum fasteignamats frá 1929 er aftur á móti nefnd steinsteypt fjánhús fyrir 100 fjár en byggingarár ekki tiltekið. HSK Óskráð gögn. Fasteignamat Akrahrepps 1966. Stokkhólmi. HSK Óskráð gögn. Fasteignamat – vinnublöð. Stokkhólmi Akrahreppi, 1929.





Mynd 22. Útihúsin á Miklabæ (40:1 og 40:2) talin vera teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, íbúðarhúsið á Egilsá (56:1), gamla íbúðarhúsið í Tungukoti (57:2). Ljósmyndari: Hjalti Pálsson, 2006-2007.



Mynd 23. Bóla, íbúðarhús (50:1). Sólheimagerði, íbúðarhús (45:1) og hlaða aftan við útihúsin neðst á myndinni (45:5). Stokkhólmi, fjárhús (68:2) lengst til hægri. Ljósmyndari: Hjalti Pálsson, 2006-2007.

## Varðveislu- og rannsóknarverð hús

Auk þessara bygginga sem þegar hafa verið tilgreindar er vert að benda á nokkur hús sem eru varðveisluverð og kalla á frekari rannsóknir þótt þau falli ekki undir ákvæði laganna. Má þar nefna **Sólheimagerði** í heild sinni. Þar hefur varðveist heildarsvipur bæjarstæðis frá miðri 20. öld. Nýrri byggingar falla vel að þessum heildarsvip og íbúðarhúsið hefur tekið litlum útlitslegum breytingum (sjá mynd 23). Þá má einnig nefna **Ásgarð** (mynd 24). Þar eru húsin einnig byggð um miðja 20. öld en í óhefðbundnum herragarðsstíl.



Mynd 24. Ásgarður, heimtröð og byggingar. Ljósmyndari: Hjalti Pálsson 2006-2007.

Önnur bygging sem vekur jafnan mikla athygli er gamla íbúðarhúsið á **Frostastöðum** sem var byggt 1949-1950. Myndarlegt hús sem flokka mátti sem fjölbýlishús því þar voru fjórar íbúðir. Nú er búið að gera húsið upp og það nýtt í ferðapjónustu, alla vega að hluta til.



Mynd 25. Frostastaðir. T.v. ljósmynd úr safni HSk (Atb. 3431). T.h. ljósmynd af fésbókarsíðu ferðabjónustunnar á Frostastöðum.

**Vinnustofan á Kringlumýri (24:4)** á sér nokkuð merkilega sögu. Á 9. áratug síðustu aldar fékk Sigurður Hansens hús eitt á Sauðárkróki til niðurrifs. Hugmynd Sigurðar var að nýta efnið til að koma upp byggingu á Kringlumýri. Upphaflega byggði Kristján Gíslason, kaupmaður á Sauðárkróki, húsið. Í fornleifaskráningu Sauðárkróks frá 2018 segir að húsið hafi staðið neðst í Kristjánsklaufinni. Það var byggt árið 1892 og rífið árið 1985. Það virðist oft hafa verið byggt við húsið þegar það stóð á Sauðárkróki. Stofninn í húsinu var hin svokallaða Gilsstofa.<sup>37</sup>



Mynd 26. Vinnustofan á Kringlumýri (24:4). Ljósmynd: Feykir, 2013.

Eggert Briem sýslumaður lét Ólaf bróður sinn byggja sér stofu á Espihóli í Eyjafirði. Eggert flytur svo þessa stofu með sér að Hjaltastöðum þegar hann varð sýslumaður Skagfirðinga árið 1861. „Þegar hann fluttist að Reynistað 1872 lætur hann einnig flytja stofuna þangað. Í henni voru sýslufundur haldnir um nokkurra ára bil og þar fóru fram fyrstu leiksýningarnar í Skagafirði. Síðar lendir þessi stofa á Gili í Borgarsveit er Jóhannes Ólafsson varð sýslumaður og 1890 er hún flutt út á Sauðárkrók og verður eins og áður segir vísir að húsi Kristjáns.“<sup>38</sup>

<sup>37</sup> Guðný Zoëga Sólveig Olga Sigurðardóttir (2018). *Verndarsvæði í byggð – Sauðárkrókur*. Fornleifaskráning, bls. 36.

<sup>38</sup> Kristmundur Bjarnason (1969). *Saga Sauðárkróks*, fyrsti hluti. Bls. 190-191.

Sigurður Hansen fékk að hirða bygginguna (hús Kristjáns Gíslasonar) gegn því að flytja þau í burtu á eigin kostnað. Þegar húsið var tekið niður tók Sigurður Hansen eftir því að hluti byggingarinnar (suðurhlutinn) var mjög gamall. Eftir nokkra rannsókn var niðurstaðan sú að hér væri Gilsstofan komin. Sá hluti byggingarinnar var fluttur og gerður upp í Glaumbæ og stendur þar enn sem hluti af safnasæði Byggðasafns Skagfirðinga.<sup>39</sup> Norðurhlutinn, líklega byggður 1892, var nýttur í byggingu á Kringlumýri sem kallaður er vinnustofa (24:4). Eftir lýsingum Sigurðar að dæma þá hefur Gilsstofan og viðbygging Kristjáns verið algjörlega sambyggð, þ.e. að gólfborðin í húsaflutunum voru heil á milli húsa. Húsið snýr í dag öfugt við það sem það gerði á Króknum, það sem er upprunalegt af þakinu er á suðvesturhellingi þess en annað er frá því að það var endurbýgt í Kringlumýri, sperrur og þakklæðning. Það sem nú er norðausturhorn hússins, var mikið fúíð, bæði grind og klæðningar en þar hafði verið baðherbergi á efri hæðinni og þurfti að endurnýja það horn. Allt annað er meira og minna óhreyft að innanverðu, s.s. grind, klæðning, gólfborð, hurðir og fleira þótt klætt hafi verið yfir sumt. Enn er þó t.d. hægt að sjá mörg lög af betreki sem snéru að gilstofuhlutanum og leifar af gólfduk á baðherberginu á efri hæðinni. Hins vegar er búið að setja parket og gólfhitalagnir yfir gömlu gólfjalirnar í búðarhlutanum, en af sliti á þeim mátti sjá hvar búðarborðið hafði staðið ofl. Klæðning að utanverðu er sömuleiðis að miklu leyti á sínum stað undir bárujárnnum sem sett var utaná húsið. Samkvæmt þessu þá ætti húsið í raun og veru að falla í flokk friðaðra húsa en leiðrétta þarf byggingar.<sup>40</sup>




Mynd 27. Hús Kristjáns árið 1898 fyrir miðju myndar. Viðbygging komin vestan megin og kvistur austan megin. Klípt úr yfirlitsmynd af Sauðárkróki. HSK.

**Húsin á Merkigili** eru einnig varðveisluverð, ekki endilega vegna hönnunar eða fagurfræði heldur vegna sögunnar á bak við byggingu húsanna og staðsetningu bæjarins við jaðar Austurdals sem nú er í eyði. Íbúðarhúsið er byggt árið 1949 en útihúsin eru byggð á tímabilinu 1951-1963.

<sup>39</sup> „Framtíðin trygg svo framarlega sem menn hafa áhuga“ (1990), bls. 7.

<sup>40</sup> Viðtal við Sigurð Hansen, ábúanda á Kringlumýri, 16.12.2022.



Mynd 28. Merkigil. Staðsetning bygginga ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. SUP, 2022.

Samgöngur að Merkigili voru lengi vel afar erfiðar. Hægt var að fara yfir sjálf Merkigilið fótgangandi eða á hesti en gilið er hrikalegt klettagljúfur sem liggur á milli bæjanna Merkigils og Gilsbakka. Það var ekki fyrr en upp úr 1960 sem Jökulsá eystri var brúð að hægt var að koma ökutækjum að Merkigili.



Mynd 29. Dætur Moniku, Sigurbjörg og Elín, að flytja byggingarefni yfir Merkigilið. Ljósmyndari: Kristján C. Magnússon. Úr safni HSk.

Efni í þessar byggingar var því mest allt flutt á hestum. Fyrir byggingunni stóð ábúandinn Monika Helgadóttir en hún bjó þar ásamt börnum sínum en Monika er fyrir löngu orðin sögufræg persóna í hugum Skagfirðinga og á landsvísu.<sup>41</sup>

## Horfna eða fallnar byggingar

Við yfirferð fasteignaskráar kom í ljós að hluti þeirra bygginga sem eru á skrá eru ekki lengur uppistandandi. Byggingar geta enn verið á skrá ef húsagrunnurinn er enn til staðar. Í einhverjum tilvikum er þetta spurning um að uppfæra þurfi skráningu. Það þótti rétt að tiltaka þessar byggingar

<sup>41</sup> Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason (2007), bls. 505, 508-510.

hér í þessari skýrslu því þó þær hafi gildi inn í fasteignaskrá, hafa þær takmarkað gildi þegar met á uppistandandi hús.

Auðkenni	Jörð	Hlutverk	B.ár B.saga	B.ár fast.	Flokkun	X_hnit	Y_hnit
8:5	Syðri-Brekkur	Hlaða <sup>42</sup>		1929		482183	572106
8:6	Syðri-Brekkur	Fjós <sup>43</sup>		1941		482053	572095
9:8	Framnes	Hesthús <sup>44</sup>	1963	1963		482265	570817
10:8	Þverá	Fjánhús <sup>45</sup>	1935	1935		482709	569880
13:2	Hjaltastaðahvammur	Fjós <sup>46</sup>	1961	1961	Torfhús	484190	567881
13:3	Hjaltastaðahvammur	Fjánhús <sup>47</sup>	1961	1961	Torfhús	484190	567881
23:2	Torfmyri	Fjánhús <sup>48</sup>		1970		485662	563114
23:3	Torfmyri	Hlaða <sup>49</sup>		1960		485669	563118
32:4	Brekkukot	Fjánhús <sup>50</sup>	1968			486346	560747
43:6	Miðsitja	Hesthús <sup>51</sup>		1980		487605	554949
45:9	Sólheimagerði	Bogaskemma <sup>52</sup>		1945		487604	553621
47:8	Úlfsstaðir	Geymsla <sup>53</sup>		1946		488346	552974
51:2	Silfrastaðir	Fjánhús <sup>54</sup>		1965	Járn/stál	0	0
51:5	Silfrastaðir	Fjánhús <sup>55</sup>		1975		0	0
51:6	Silfrastaðir	Fjánhús <sup>56</sup>		1975		0	0
51:8	Silfrastaðir	Skúr <sup>57</sup>		1976	Timburhús	0	0

<sup>42</sup> Þakið fallið árið 2007. Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason (2007), bls. 77.

<sup>43</sup> Þegar fallið árið 2007. Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason (2007), bls. 77-78.

<sup>44</sup> Samkvæmt upplýsingum frá Óskari Broddasyni, ábúanda á Framnesi, er hesthúsið að mestu fallið (munnleg heimild 16.12.2022).

<sup>45</sup> Samkvæmt upplýsingum frá Stefáni Halldóri Magnússyni, ábúanda á Þverá, eru húsin nú fallin (munnleg heimild 13.12.2022).

<sup>46</sup> Fjánhúsin stóðu við hlöðuna sem var gerð upp kringum 2011. Engin ummerki um húsin eru sjáanleg á loftmynd.

<sup>47</sup> Fjánhúsin stóðu við hlöðuna sem var gerð upp kringum 2011. Engin ummerki um húsin eru sjáanleg á loftmynd.

<sup>48</sup> Á loftmynd má sjá að húsið er fallið, einungis leifar af grunni eftir. Var uppistandandi árið 2007. Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason (2007), bls. 194.

<sup>49</sup> Á loftmynd má sjá að húsið er fallið, einungis leifar af grunni eftir. Var uppistandandi árið 2007. Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason (2007), bls. 194.

<sup>50</sup> Fjánhúsin eru líklega aflögð og að hluta til fallin.

<sup>51</sup> Á loftmynd má sjá að þakið er fallið.

<sup>52</sup> Á loftmynd má sjá að einungis grunnurinn er eftir.

<sup>53</sup> Núverandi ábúandi kannast ekki við þessa byggingu en taldi líklegt að hún hefði staðið við geymslu norðan við bæjarlækinn. Ætla má að þessi bygging sé horfin. Viðtal við ábúanda, Halldór Jóhann Einarsson, 12.12.2022.

<sup>54</sup> Samkvæmt upplýsingum frá ábúanda, Hrefnu Jóhannesdóttur, tölvupóstur dagsettur 12.12.2022 hefur þessi bygging hefur verið rifin niður eða flutt. Mögulega stendur grunnur eftir.

<sup>55</sup> Samkvæmt upplýsingum frá ábúanda, Hrefnu Jóhannesdóttur, tölvupóstur dagsettur 12.12.2022 hefur þessi bygging verið rifin niður eða flutt. Mögulega stendur grunnur eftir.

<sup>56</sup> Samkvæmt upplýsingum frá ábúanda, Hrefnu Jóhannesdóttur, tölvupóstur dagsettur 12.12.2022 hefur þessi bygging verið rifin niður eða flutt. Mögulega stendur grunnur eftir.

<sup>57</sup> Samkvæmt upplýsingum frá ábúanda, Hrefnu Jóhannesdóttur, tölvupóstur dagsettur 12.12.2022 hefur þessi bygging verið rifin niður. Mögulega stendur grunnur eftir.



Mynd 30. Fjárhús byggð árið 1935 sem nú eru fallin. Ljósmyndari. Hjalti Pálsson, 2007.

## Samantekt

Torfhús héldu lengur velli í Akrahreppi en víða annars staðar. Enn má sjá merki þessa. Til að mynda eru flest friðuð og friðlýst hús á svæðinu torfbyggingar. Þá hefur verið unnið að viðhaldi og endurbyggingu torfhúsa á Tyrfingsstöðum í heild sinni en fá sambærileg dæmi er að finna á Íslandi. Hér er því einstakt tækifæri til að hlúa að þessum mikilvæga þætti byggingararfsins á Íslandi og vera leiðandi í því starfi.

Stór hluti íbúðarhúsa í Akrahreppi var byggður á tímabilinu 1940-1969. Mörg þeirra er að öllum líkindum höfundarverk Þóris Baldvinssonar og félaga á Teiknistofu Landbúnaðarins en einnig hafa varðveist byggingar í Akrahreppi sem eru höfundarverk Guðjóns Samúelssonar. Tvær byggingar á svæðinu eru friðlýstar, á 10 stöðum er að finna friðuð hús og 16 byggingar teljast vera umsagnarskyldar.

## Heimildaskrá

- Árni Daníel Júlíusson (2021). Þórir og landbúnaðurinn. *Þórir Baldvinsson arkitekt*. Sögumiðlun og Vesturbær, bls. 101-118.
- Árni Óla (1934, 9. september). Skagafjarðarútsýn. *Lesbók Morgunblaðsins* 37. Tbl, bls. 291. <https://timarit.is/page/3271295?iabr=on>.
- Bryndís Zoëga (2022). *Torfhús í Skagafirði. Akrahreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur*. Byggðasafn Skagfirðinga.
- Bæjatal á Íslandi 1951* (1951). Póst- og símamálastjórnin.
- Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 41, 8. september 1931* (1932). Útgefanda ekki getið.
- Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. janúar 1938* (1942-1944). Útgefanda ekki getið.
- Fasteignabók I. Mat fasteigna í sýslum samkvæmt lögum nr. 33 frá 1955* (1956-1957). Útgefanda ekki getið.
- „Framtíðin trygg svo framarlega sem menn hafa áhuga“ (1990, 7. nóvember). *Dagur* 214. tölublað, bls. 7.
- Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir (2019). *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands* 2. Minjastofnun Íslands.
- Guðný Zoëga og Sólveig Olga Sigurðardóttir (2018). *Verndarsvæði í byggð – Sauðárkrókur. Fornleifaskráning*. Byggðasafn Skagfirðinga.
- Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland* (1997). Ritstjórar: Guðmundur Jónsson, Magnús S. Magnússon. Hagstofa Íslands.
- Hjalti Pálsson og Egill Bjarnason (2007). *Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi. Akrahreppur*. Sögufélag Skagfirðinga.
- Hörður Ágústsson (1975). Stafsmíð á Stóru-Ökrum. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 5-46.
- Ingibjörg Jóhannsdóttir, Löngumýri (1953, 19. apríl), „Brot úr ferðasögu frá sumrinu '52“. *Tíminn*, 88. tbl., bls. 4. <https://timarit.is/page/1017999?iabr=on>.
- Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1949*. 3. hefti (1956). Sögufélag Skagfirðinga.
- Jóhannes Þórðarson og Ólafur Mathiesen (2021). Úr Kinninni í Ingólfsstræti – með viðkomu í San Francisco. *Þórir Baldvinsson arkitekt*. Sögumiðlun og Vesturbær, bls. 45-70.
- Jón J. Aðils (1911). *Skúli Magnússon landfógeti 1711-1911*. Sigurður Kristjánsson.
- Jón Espólín og Einar Bjarnason (1976). *Saga frá Skagfirðingum 1685-1847. Fyrsta bindi*. Iðunn.
- Jón Sigurðsson frá Ystafelli, „Hugleiðingar úr bændaför Þingeyinga 1945“, *Samvinnan*, 2. tbl (01.02.1946), blaðsíða 57. <https://timarit.is/page/4283889?iabr=on>.

*Kirkjur Íslands 5. Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarpófastsdæmi* (2005). Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa, Byggðasafn Skagfirðinga, Hið íslenska bókmenntafélag.

Kristmundur Bjarnason (1969). *Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti*. Skagfirzk fræði. Sauðárkrókskaupstaður.

*Landsnefndin fyrri 1770-1771 I. Bréf frá almenningi* (2016). Ritstjórar Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands, Ríkisskjalasafn Danmerkur, Sögufélagið.

Lýður Björnsson (1972). *Saga sveitarstjórnar á Íslandi. Fyrri bindi*. Almenna bókafélagið.

Lýður Björnsson (1979). *Saga sveitarstjórnar á Íslandi. Seinna bindi*. Almenna bókafélagið.

*Manntal á Íslandi árið 1703* (1924-1947). Hagstofa Íslands.

minjastofnun.is (e.d.). Skráning vegna skipulags – húsakönnun – Huginn.

<https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/skraning-vegna-skipulags-husakonnun-huginn/>

minjastofnun.is (e.d.). Norðurland vestra. Stóru-Akrar, bæjardyr, bæjargöng og þingstofa.

<https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/581>

minjastofnun.is (e.d.). Norðurland vestra. Silfrastaðakirkja. <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/580>

Ólafur J. Engilbertsson (2021). Þórir Baldvinsson arkitekt. *Þórir Baldvinsson arkitekt*. Sögumiðlun og Vesturbær, bls. 7-44.

Páll Eggert Ólason (1950). *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940. Þriðja bindi*. Hið íslenska bókmenntafélag.

skagfirdingur.is (e.d.). Akrahreppur. <https://www.skagfirdingar.is/is/fyrirtaekid/frettir>

"Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1955" (1956). *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1955-1956*, bls. 131.

